

Fimmtudaginn 28. júní 1990.

Nr. 178/1990. **Hörður hf.**

gegn

Vátryggingafélagi Íslands hf.,

Iðnþróunarsjóði,

Iðnlánasjóði,

Íslandsbanka hf.,

Lífeyrissjóði verkalýðsfélaganna

á Suðurnesjum,

Olíuverslun Íslands hf.,

Aco hf., umboðs- og heildverslun,

fjármálaráðherra fh. ríkissjóðs,

Þrotabúi Hauks og Ólafs hf.,

Rafveri hf. og

Gjaldheimtu Suðurnesja.

Frestur.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. apríl 1990. Byggir hann á áfrýjunarleyfi 8. janúar 1990 samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Í áfrýjunarstefnu kveður áfrýjandi málinu hafa verið áfrýjað með stefnu 5. febrúar 1990 sem máli nr. 52/1990, en það mál var ekki þingfest.

Er mál þetta var þingfest 2. júní 1990, fór áfrýjandi fram á frest til reglulegs þingdags í októbermánuði 1990 til gagnaöflunar og ágrípsgerðar.

Af hálfu stefndu Íslandsbanka hf. og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs var þess krafist, að málinu yrði þegar vísað frá Hæstarétti, en til vara, að áfrýjanda yrði synjað um langan frest til ágrípsgerðar. Einnig kröfðust þeir málskostnaðar.

Af hálfu stefndu Iðnþróunarsjóðs og Iðnlánasjóðs var tekið undir varakröfu ofangreindra stefndu.

Ekki verður að svo stöddu fjallað um framkomna frávísunar-
kröfu.

Rétt er að fresta málinu til næsta reglulegs þingdags.

Málskostnaður fellur niður í þessum þætti málsins.

Á l y k t a r o r ð:

Máli þessu er frestað til 1. október 1990.

Málskostnaður fellur niður.
